

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness og skv. heimild í 65. gr. umfl. nr. 46/1968 hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Lokun Vogabrautar við lóðarmörk heimavistar Fjölbautaskólans, frá 10. apríl til 31. ágúst 1983.
2. Bann við bifreiðastöðum við Merkigerði vestanvert á milli Kirkjubrautar og Sunnubrautar.
3. Biðskylda verði sett á Sunnubraut gagnvart Merkigerði.
4. Bifreiðastöður við Landsbanka Íslands á Akratorgi verði háðar tímatakmörkunum. Bifreiðastöður verði miðaðar við 30 mínútur í senn á almennum opnunartíma verslana.

*Lögreglustjórinn á Akranesi, 28. apríl 1983.*

**Björgvin Bjarnason.**

## AUGLÝSING

### um bann við veiði göngusilungs í Steingrímsfirði.

Samkvæmt 6. lið 14. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Bönnuð er veiði göngusilungs í net á Steingrímsfirði á tímabilinu 15. maí til 15. september ár hvert á svæði, sem nær yfir fríðunarsvæði Víðidalsár, er stækki þannig, að það nái frá fríðunarsvæði Hrófár að austan að norðurenda Sandskers við Hólmavík að vestan.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum samkvæmt lögum nr. 76/1970. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

*Landbúnaðarráðuneytið, 27. apríl 1983.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*